

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/556****2022/EES/10/41****frá 31. mars 2021****um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2017/1529 og (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar  
skilyrði fyrir samþykki fyrir grunnefninu natríumklóríði (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 13. gr. í tengslum við 5. mgr. 23. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Virka efnið natríumklóríð var samþykkt sem grunnefni með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1529 <sup>(2)</sup> og það fært inn í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(3)</sup>. Framkvæmdastjórnin byggði ákvörðun sína á tæknilegri skýrslu frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og endurskoðunarskýrslu frá framkvæmdastjórninni <sup>(4)</sup>.
- 2) Samþykkið fyrir grunnefninu natríumklóríði, eins og fram kemur í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, var takmarkað við notkun sem sveppaeyðir og skordýraeyðir.
- 3) Í nóvember 2017 lagði fyrirtækið Collectif Anti-baccharis umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, sem var uppfærð í ágúst 2018 og júlí 2020, í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 þar sem óskað var eftir rýmkun á notkun natríumklóríðs svo hún nái einnig yfir illgresiseyði.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 115, 6.4.2021, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 340/2021 frá 10. desember 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

(2) Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1529 frá 7. september 2017 um samþykki fyrir grunnefninu natríumklóríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjttíð. ESB L 232, 8.9.2017, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(4) „Final Review report for the basic substance sodium chloride finalised in the Standing Committee on Plants, Animals, Food and Feed at its meeting on 20 July 2017 and amended on 25 January 2021 in view of the approval of sodium chloride as basic substance in accordance with Regulation (EC) No 1107/2009“, (SANTE/10383/2017– rev.2).

- 4) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Niðurstaða þessa samráðs var sú að eðli efnisins og umfang beiðninnar gefi ekki tilefni til nýs vísindalegs mats af hálfu Matvælaöryggisstofnunarinnar. Framkvæmdastjórnin tók saman uppfærða endurskoðunarskýrslu að teknu tilliti til fyrri tæknilegrar skýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar <sup>(5)</sup> og upplýsinganna frá umsækjandanum.
- 5) Framkvæmdastjórnin lagði uppfærðu endurskoðunarskýrsluna og drög að reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 25. janúar 2021.
- 6) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við uppfærðu endurskoðunarskýrsluna.
- 7) Komið hefur í ljós að gera megi ráð fyrir að natríumklóríð uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar notkun sem illgresiseyðir eins og er lýst í uppfærðu endurskoðunarskýrslunni. Því ætti að leyfa notkun natríumklóríðs sem illgresiseyðis. Þar eð verið er að leyfa nýja notkun á natríumklóríði og það er ásættanlegt að halda áfram að leyfa aðra hugsanlega notkun á natríumklóríði, eins og um getur í uppfærðu endurskoðunarskýrslunni um natríumklóríð, er enn fremur rétt að draga til baka nógildandi takmörkun á notkun efnisins sem einskorðast við notkun sem sveppaeyðir og skordýraeyðir.
- 8) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tæknipækkingar, er þó nauðsynlegt að viðhalda tilteknum skilyrðum fyrir notkun á virka efninu.
- 9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2017/1529 og (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### **Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1529**

Ákvæðum I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1529 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

##### 2. gr.

#### **Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

##### 3. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(5)</sup> EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2017., „Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for (sea) salt (sodium chloride) for use in plant protection as fungicide and insecticide.“ (Tæknileg skýrsla um niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins (sjávar)salts (natríumklóríð) til notkunar við plöntuvernd sem sveppaeyðir og skordýraeyðir. EFSA supporting publication 2017:EN-1172. 56 bls. doi:10.2903/sp.efsa.2017.EN-1172.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

*I. VIÐAUKI*

Í stað færslunnar í fimmta dálki „Sértæk ákvæði“ í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1529 kemur eftirfarandi:

„Nota skal natríumklóríð í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um natríumklóríð (SANTE/10383/2017), einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

—

*II. VIÐAUKI*

Í stað færslunnar í sjötta dálki, „Sértæk ákvæði“, í 16. línu, natríumklóríð, í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 kemur eftirfarandi:

„Nota skal natríumklóríð í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um natríumklóríð (SANTE/10383/2017), einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

---